



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Mánagarður

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
3 Innra mat Dvergaberg	10
4 Innra mat Hulduhóll	11
5 Innra mat Álfasteinn.....	12
6 Innra mat Dísaskógur.....	14
7 Innra mat Drekadyngja.....	15
8 Innra mat Tröllahellir.....	16
9 Innra mat Skessuskot.....	17
10 Innra mat sérkenndu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna.....	21
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10 Fylgigögn.....	22
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	22



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2022 var áhugavert hvað aðlögun varðar, við tókum nefnilega inn bæði börn og starfsfólk frá Leikgarði (sem lokaði vegna stækkunar) og sú aðlögun gekk vonum framar. Börnin frá Leikgarði áttu flest auðvelt með þessi skipti þar sem þau þekktu sína kennara og komu því bara flest hver hoppandi kát hér inn. Það var áhugavert að fá hóp af vönu starfsfólki til starfa, þau komu af ungubarnaskóla og yfir til okkar með börn frá 1-6 ára og ekki öll að fara á yngri deild svo það var örlítill áskorun í að finna hver passaði hvar og með hvaða aldri. Auk þess var áhugavert fyrir okkur sem stjórnendur að fá vant fólk yfir til okkar. Enn og aftur var áherslan því á starfsmannamál, að kynnast nýju starfsfólki og að þetta hópinn, að sameina þessa tvo starfsmannahópa. Það hefur tekist með eindæmum vel, mikil ánægja og hóparnir hafa blandast mjög vel saman.

Garðurinn okkar var endurnýjaður árið 2021 og því var sumarið 2022 fyrsta heila sumarið með nýjan garð og nú höfum við farið í gegnum heilan vetur í garðinum. Hann er töluvert breyttur frá því sem var, miklu minna um náttúru og meira um gúmmímottur og gervigras og því áskorun að koma því við í garðinum. Það voru og eru blendnar tilfinningar starfsfólks til þessarar breytinga og því mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með og sjá hvernig börnin nota garðinn og svæðin til að við getum brugðist við þörfum þeirra, hvort sem það er með efnivið, stöðvum, leikjum, vettvangsferðum eða á einhvern annan hátt.

Við vorum með starfsdag um útiveru í mars og ætlum að einblína á starfið í útiverunni næstu mánuðina. Garðurinn er breyttur svo það þarf að gera nýjar reglur og við þurfum öll að vera sammála um hvað má og hvað ekki og af hverju. Það er líka svo að það eru alltaf ákveðnir starfsmenn sem draga vagninn, koma með og framkvæma hugmyndir og þegar þeir hætta þá glatast ákveðin þekking. Því vorum við að leita leiða til að viðhalda ákveðnum vinnubrögðum í garðinum. Þá eru líka mörg svæði í nágrenni Mánagarðs sem er skemmtilegt að fara með börnin en það þekkja ekki allir nærumhverfið svo það þarf að gera einhvers konar kynningu á því fyrir starfsfólkið.

Leikskólastjórar Leikgarðs og Mánagarðs hafa eflt samstarfið og funda nú einu sinni í mánuði auk þess að taka starfsdaga 2x á ári.

Það hættu 45 börn á Mánagarði og jafnmörg komu inn.

Það var áfram töluvert um veikindi meðal starfsmanna í vetur, bæði stutt og langtíma. Auk þess voru fæðingarorlof og fólk í námi þar sem var skyldumæting í tíma og reglulegar staðlotur. Það er svo sem ekkert nýtt að þurfa stöðugt að vera að púsla saman viðveru á deildum.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Leikskólinn Mánagarður hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólástjóri er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk Mánagarðs í að starfa eftir stefnunni.

Workplace síðan hefur reynt ágætur vettvangur þar sem Íris hefur sett inn fræðsluefni tengt HighScope fyrir starfsólk leikskólans.

Íris gerði innra mat (PQA – Preschool Quality Assessment – matskvarði frá HighScope) á öllum deildum í vetur. Það er gert með skráningu, athugunum og samtölum.

Það komu fram ýmsir styrkleikar en einnig tækifæri til umbóta, margt af því er auðvelt að bæta.

Innra mat

Við notum Preschool Quality Assessment – PQA lista frá HighScope til að meta okkar innra starf. Það er listi með kvörðunum 1-3-5 og hann tekur á námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Íris, HighScope kennari, sér um að gera þetta mat. Hún fer á deildir, metur út frá listanum og með athugunum og viðtölum við starfsfólk deilda eftir þörfum. Skorið er svo lagt saman og fengið heildarskor deildar.

Ákveðið var að taka útiveru fyrir að þessu sinni þar sem garðurinn er með breyttu sniði.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Útivera	Kaflar í PQA -listi frá HighScope	Íris, deildarstjórar, starfsfólk deildanna, börnin	<u>Styrkleikar</u> eru þeir að það eru fataklefar fyrir hverja deild í nýju álmunni og því auðvelt aðgengi beint út í garð. Garðinum er skipt í yngri og eldri garð.

			<p>Meira leiksvæði fyrir frjálstan og skapandi leik.</p> <p><u>Tækifæri til úrbóta:</u></p> <p>Minni náttúra, meira gervigras og gúmmí</p> <p>Leiktækin ekki nægileg áskorun fyrir börnin, sérstaklega í yngri garðinum.</p>
Efniviður í útiveru	Kaflar í PQA -listi frá HighScope	Íris, deildarstjórar, starfsfólk deildanna, börnin	<p>Fjölbreyttur efniviður, tré, plast, stál, gúmmí, fylla – tæma efniviður, skóflur, fötur, dollur, farartæki, allskonar eldhúsdót – pottar, pönnur, skálar og eldhúsáhöld.</p> <p><u>Tækifæri til úrbóta:</u> vantar efnivið sem er þungur og reynir á vöðvana og kraftana</p> <p>Vantar fjölbreyttari efnivið á opnu svæðin</p> <p>Vantar mold, steina, tré, og náttúrulegan efnivið</p>
Uppsetning og frágangur		Íris, deildarstjórar, starfsfólk deildanna,	<u>Tækifæri til úrbóta:</u>



			<p>Gera plan þannig að starfsólk fari út á undan börnunum og raði efniviðnum upp og geri það aðlaðandi að koma út að leika, í stað þess að sturta öllu úr kössunum í sandkassann eða á svæðin</p> <p>Virkja börnin í að taka saman í lok útiveru, ekki bara kennarar að gera það.</p> <p>Búið að flokka, raða og merkja alla útiefnivið í útiskúrnum.</p>
Nærumhverfið		Íris, deildarstjórar, starfsólk deildanna, börnin	<p><u>Styrkleikar:</u> erum með allskonar náttúru í kringum okkur, í göngufæri – holt og hæðir, fjöruna, sjóinn ofl. Þurfum að nýta okkur það betur.</p> <p><u>Tækifæri til úrbóta:</u></p> <p>Fara meira með börnin í vettvangsferðir fyrir utan garðinn.</p> <p>Eigum kerrur fyrir yngstu börnin.</p>



Ytra mat

HR Monitor gerði könnun í október 2022 og aftur í maí 2023.

Starfsfólk fær spurningalista í tölvupósti.

Mikil starfsánægja er meðal okkar starfsfólks og það var ánægjulegt að sjá eftir að við tókum við starfsfólki Leikgarðs. Það var líka gleðiefni að þjálfun og þróun stóð í stað svo það virkaði að halda úti HighScope síðu á Workplace og setja þar inn efni til að þjálfna og kenna. Það er sama staða upp á teningnum í dag eins og sjá má á þessum niðurstöðurm HR Monitor frá maí 2023.



Lægsta skorið okkar og það eina gula er þátturinn Skýr framtíðarsýn þar sem spurt er um endurmat frá næsta yfirmanni. Okkar verkefni í fyrra var að efla deildarstjórana og gera þá ábyrgari fyrir sínum deildum, það virðist vera það sem við þurfum að bæta einna helst. Það verða einhverjar breytingar á deildastjórastöðum í haust og við munum skoða námskeið fyrir deildarstjóra, handleiðslu og aukna HighScope þjálfun með áherslu á stuðning, samvinnu og endurmenntun.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeining ar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkv æmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endurgjöf yfirmanna til starfsfólks	Í HR Monitor könnunin ni er eini þátturinn sem við fáum ekki fullt fyrir að starfsfólki finnst vanta endurgjöf frá næsta yfirmanni	Ræða við deildar- stjóra hvernig þeir geta gefið sínu fólki endurgjöf og hvað felst í því	Deildar- stjórar, leikskóla stjórar	Sep t 23	Nóv 23	Samtöl, HR Monitor könnun	HR Monitor könnun að ná amk 4,20 í þessum þætti.
Uppeldis- og menntastar f							



Lubbi	Innleiða Lubba á fleiri deildir	Fá Lubba námskeið fyrir allan leikskólann	Leikskól a-stjórar, deildars tjórar	Ná m-skeið í sept '23	Maí '24	Hópstjórar meta í hópastarfi (óformlega í gegnum leikinn) hvaða stafi og hljóð börnin kunna Notum stafahlekkina okkar og fleira sem við eigum til.	Vonumst til að fá hugmyndir og leiðir á námskeiðinu í haust um hvenær og hvernig er hægt að skrá og meta
-------	---------------------------------	---	-------------------------------------	-----------------------	---------	--	--

Innra mat

Undirbúnings-tímar	Að allt starfsfólk fái undirbún ingstíma	Að hver deild skipuleggi undirbúni ngstíma starfsfólks	Leikskól astjórar , deildars tjórar	Se pt '23	Des '23	Hver deild gerir skipulag fyrir sig og skráir svo hver tók undirbúning hvenær og hversu lengi -skrá ástæður ef undirbúningur féll niður	Fara yfir skráningar og skoða hvernig skipulagið virkar og ástæður þess að undirbúningur féll niður
--------------------	--	--	-------------------------------------	-----------	---------	---	---



3 Innra mat Dvergaberg

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umgengni/merkingar	Laga umgengni, þurrka reglulega af og fylgjast með merkingum	Allir taka sér tak	Allir á deildinni	Sept 23	Maí 23	Meta eftir umgengni	Ef umgengni batnar

Frá síðasta ári:

Umbótaráttur síðasta skólaárs var fataklefinn. Allir voru meðvitaðir um að taka færri börn í einu í fataklefann. Misjafnt hvernig þetta var fyrri part vetrara, en eðlilega gengið betur eftir því sem á hefur liðið – börnin farin að gera meira sjálf. Þetta þarf alltaf að vera til umbóta.

Skilaboðaskjóðan var hinn umbótarátturinn. Við erum búin að samræma flestar myndir sem koma oft fyrir á skilaboðaskjóðunni.

Í byrjun vetrar vissu börnin nánast ekki hvað var verið að tala um en núna skila þau flest skilaboðaskjóðuna og mörg hver geta sagt okkur allt sem er í skjóðunni þann daginn. Endurtekning, endurtekning.



4 Innra mat Hulduhóll

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vera með áætlun hvað við gerum þegar er innidagur	Gera plan fyrir innidaga	Skipuleggja í undirbúningi fyrir innidagana	Deildar- stjóri, deildin	Sept '23	Okt '23	Taka saman hugmyndir fyrir innidaga, nota plan sem er til	Betra skipulag og fleiri hugmyndir
Útivera	Fara oftari í gönguferðir	Nýta kerrurnar og svæðin hér í kring – náttúruna	Deildin	Sept '23	Maí '24	Skipuleggja vettvangsferðir og gönguferðir, skrá ferðir og af hverju var ekki farið	Halda utan um skráningar á ferðum og hvers vegna var ekki farið
Lykilreynsluþættir	Vera meðvitaðri um hvað er verið að vinna með	Skoða lykilreynsluþættina og skipuleggja út frá þeim í hópastarfi	Íris, Deildin	Sept '23	Maí '24	Nota skráningarblöðin fyrir lykilreynslu- þættina. Skrá þá alltaf	Halda utan um skráningar á lykilreynslu- þáttunum
Deildarfundir	Koma á deildar- fundum á yngri deildum	Setja á fundi til að auka upplýsinga- flæði hjá öllum	Deildar- stjórar á yngri gangi	Sep '23	Maí '24	Koma á kerfi og vinna saman, deildarstjórar ræða saman um hvernig hægt er að koma á fundum	Halda fundargerð- skrá af hverju fundir falla niður



5 Innra mat Álfasteinn

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Það hefur vantað upp á skipulagningu hjá okkur í hópastarfinu og að unnið sé markvisst með lykilreynsluþætti na. Með skráningu ætlum við að fá meiri fjölbreytni í hópastarfið og lykilreynsluþættirnir komi betur fram	Skrifa niður á skráningarblöð hvaða lykilreynsluþætti við ætlum að vinna með hverju sinni í hópastarfi og að skipuleggja fram í tímann. Nýta rólega tíma til þess að taka til og undirbúa efnivið fyrir hópastarfið. Lykilreynsluþættirnir hanga á sýnilegum stöðum. Hugmynda-	Hópstjórar sjá um að skrá og undirbúa fyrir sinn hóp + Deildarstjóri skoðar skráningarblöðin, minnir á að nota þau og styður við hópstjóra Deildarstjóri undirbýr fjögurra vikna plan.	Sep '23	Feb '24	Deildarstjóri fer yfir skráningarblöð og sér hvað unnið var með. Fylgist með hópastarfi.	Að hópastarfið verði faglegra og betur skipulagt. Minni óreiða í byrjun hópastarfs.



		möppur á deildinni til stuðnings.					
Skráning/ skipulagning	Við ætlum að skipuleggja vikurnar hjá okkur betur. Hver og einn hópstjóri skipuleggur minnst viku fram í tímann hvað verði í boði í hópstarfi m.t.t. lykilreynsluþáttana.	Tíminn í hvíldinni og eftir pásur inni á deild er notaður til þess að skipuleggja sig og skrifa á skráningarblöðin .	Hver og ein sér um fyrir sig að skrá á skráningarblöðin. Deildarstjóri útbýr skráningarblöðin	Sep '23	Maí '24	Við förum reglulega yfir skráningarblöðin og ræðum umbætur og annað á deildarfundum.	Að skráningar séu orðnar ómissandi hluti af starfinu.



6 Innra mat Dísaskógur

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vera til staðar fyrir börnin í frjálsum leik	Við ætlum að bæta skipulag og fjölbreytni í hópastarfi og samverustundum. Hafa skipulagið sýnilegra og tikka í öll boxin á öllum þáttunum. Nýta undirbúninginn betur til að skipuleggja og afla sér nýrrar þekkingar.	Nota skipu- lagið sem við eigum og hafa það sýnilegt. Það auðveldar okkur í daglega starfinu.	Allt starfsfólk deildar-innar. Deildar- stjórinn sér um að koma upp skipulaginu og öll í sameiningu hjálpast að við að fylgja því.	Sep '23	Feb '24	Farið yfir skipulagið og skráningar á skipulags- blöðunum sem við eigum	Samskipti á milli allra séu góð, farið yfir árangur á fundum og metið hvernig gengur og hvort og hvað við getum gert betur.



7 Innra mat Drekaðyngja

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Val	Gera það fjölbreyttara og markvissara	Deildarfund og undirbúnings-tímar	Hóp-stjórar og deildar-stjóri	Sept '23	Feb '24	Meta með PQA listanum, nota skráningarblöðin sem eru til	Skrá val-aðferðir, nota og fylgjast með skráningum fyrir val Ná 4,5 í PQA
Hópastarf	Fjölbreyttara og markvissara	Deildarfund og undirbúnings-tímar	hópstjórar og deildarstjóri	Sept '23	Mái '24	Meta með PQA listanum	Nota skráningar-blöðin sem eru til og skrá á þau Ná 4,5 í PQA
Rifja upp	Innleiða það eftir áramót	alltaf byrja upprifjun og nota einn deildarfund eftir áramót til að fræða um það	Hóp-stjórar og deildar-stjóri	Des '23	Mái '24	Meta með PQA listanum Ná 4,5 í PQA	Nota skráninga-blöðin og skrá og meta út frá þeim hvernig gekk



8 Innra mat Tröllahellir

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig frankvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver frankvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að starfsmenn tileinki sér betur High Scope orðræðuna og vinni betur eftir stefnunni.	Að starfsmenn séu fljótari að læra hver grunnur High scope er og fáir meiri tíma til að koma sér inn í efnið.	Eldri starfs- menn og deildar-stjóri leiðbeina og leiðrétta tal af meiri metnaði. Starfs-menn fáir meiri tíma í byrjun starfs til að læra inná en ekki hent beint í djúpulaugina.	Deildar- stjóri með aðstoð frá Írisi og Herdísi (High scope kennurum).	Ágúst 2023. Þegar hefur komið endanlega staða á hvaða starfsfólk mun vera á deildinni.	Gefum okkur til lok oktober 2023 til að koma upp góðu skipulagi.	Reglulegt eftirlit innan deildar og deildar-fundir til að fara yfir okkar mál.	Allir starfsmenn styðjandi við hvorn annan og opnir fyrir því að vera minntir á.



9 Innra mat Skessuskot

UMBÓTARÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að vinna í dýpri þekkingu með High Scope. Í öllum þáttum dagskipulagsins	Læra/ræða Highscope á deildarfundum, hvern þátt fyrir sig og dýpka þekkinguna/kunáttuna	Með því að lesa í bókum, horfa á video og setja sig í aðstæður. Halda skráningar.	Allir starfsmenn beri ábyrgð á að tileinka sér þekkinguna. Deildarstjóri ber ábyrgð á kennsluefni/fundum	Sep '23	Des '23	Fundir, samtöl, skoða skráninga r. höldum fundi 1xviku til þess að endurmeta og líta á skráningar	Að dýpri þekkingu/ku nnátta styrki og efli starfsmenn i í að sýna frumkvæði. Skilar sér til barnanna með betri þekkingu kennarana
Bæta samskipti starfs-manna inn á deildinni.	Allir starfsmenn þurfa að segja frá sínu áætlunum um hvað þeir eru að gera í sínu daglega starfi.s.s hópastarf, samveru og annað.	Ath hvort hægt er að hafa stöðufund í að minnsta kosti einu sinni í viku.	Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda utan um sitt dagskipulag	Sep '23	Des '23	Fundir , samtöl	Efla samskipti og jafnræði milli starfsmanna Að að allir hafi ábyrgð á starfi deildarinnar



10 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslustjórinn var í leyfi þetta starfsár og leikskólastjórar og deildarstjórar tóku málin yfir þar til um áramót þegar annar sérkennari kom til starfa. Hún hefur skipulagt sérkennslu í samvinnu við deildarstjóra. Unnið er inni á deildum og í sérkennsluherbergi, bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu, allt eftir þörfum hvers barnsins.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Tras, Hljóm 2,</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Orðagull, Leikum og lærum með hljóðin, Hljóðalestin, spil, SuperDuper kassarnir,</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka málörvun	Gera málörvunar- hópa	Koma á betra skipulagi varðandi málörvun barna. Gera stundaskrá og halda skrá yfir allt sem er gert í hópnum	Sérkennslu- stjóri, deildar- stjórar, Starfsfólk deildanna	Ág '23	Maí '24	Mánaðarlegir fundir deildanna og sérkennslustjóra Nota gögn úr handbók sérkennara,	Að börn fái þessa málörvun og taki framförum í máli og framburði



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Við erum með starfsmann í 80% starfi við mál- og talþjálfun
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Þessi vinna fer að mestu leiti fram inni á deildum, í daglegum samskiptum, samtölum, samverustundum, hópastarfi, Lubba-stundum og öðrum þáttum dagskipulagsins. Skipulögð málörvun á sumum deildum og þau sem þurfa auka fara í tíma hjá sérkennara.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Mikil samskipti í öllum daglegum athöfnum, með skilaboðaskjóðunni og stafahlekkjunum, í hópastarfi, í samverustundum, í fataklefanum osfrv.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Engin matstæki notuð. Vorum sérkennaralaus stóran part vetrar en sérkennari kominn og er að vinna að einstaklingáætlanagerð fyrir næsta vetur. Mörg tvítyngd börn sem byrjuðu þegar langt var liðið á veturinn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hópastarf og samverustundir inni á deildum huga að öllum þessum þáttum. Skilaboðaskjóða á öllum deildum sem ýtir undir málörvun, málskilning og tjáningu, hljóðkerfisvitund. Mikið talað um tilfinningar hér og þær allar viðurkenndar og nefndar. Unnið að miklu leyti út frá styrkleikum, áhuga og löngun barnanna í öllu okkar starfi. T.d. val, leikstund, rifja upp, hópastarf, samverustundir – byggja allt á áhuga barnanna í hópnum. Skilaboðaskjóða þar sem þau deila sínum skilaboðum og tjá sig – er gerð þannig að öll börn skilja hana og geta „lesið“ – sagt frá. Stafahlekkir (nafn og tákn allra) hangir uppi á vegg og þau sýna því mikinn áhuga þar sem þetta er persónulegt.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka utanumhald um málörvun og stöðu fjöltyngra barna. Koma af stað málvörunarhóp um eða einstaklings- miðaðri aðstoð	Gera einstakling s-námskrá fyrir öll tvítýngd börn og fylgjast með framförum og meta reglulega	Sérkennslu- stjóri	Ágúst 2023	Mái 2024	Einstaklingsnámskrár yfirfarnar og uppfærðar eftir þörfum.	Skrá allt sem á að gera, sem hefur verið gert Bættur árangur tvítýngdra barna

Það eru mjög mörg tvítýngd börn hjá okkur núna svo það er ljóst að við þurfum að bæta við málörvunastundum í vetur og starfsfólk þarf að vera enn meðvitaðra um mikilvægi tungumálsins og samskipta við börnin inni á deildum.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Hér hafa verið mörg óformleg starfsmannviðtöl, fólk kemur gjarnan inn á skrifstofu leikskólastjóranna til að ræða allskonar mál og þar kemur ýmislegt fram, eins og t.d. áhugi starfsfólks á að sækja ákveðin námskeið, fá ákveðna fræðslu og þh.

Nýliðanámskeið í HighScope fyrir nýtt starfsfólk, HighScope námskeið um skilaboðaskjóðu, stafahlekki og útiveru, ADHD námskeið fyrir allt starfsfólk, Karellen námskeið fyrir allt starfsfólk.

Sérkennslustjóri og deildarstjóri fóru á framhaldsnámskeið í TRAS

Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeið hjá Endurmenntun um hlutverk sérkennslustjóra í leikskólanum.

Leikskólastjórar hafa hlustað á marga fyrirlestra og ráðstefnur á netinu, eitt af því jákvæða sem Covid færði okkur.

Leikskólastjórar fóru á ráðstefnu um markþjálfun.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mánagarður er í samstarfi við Melaskóla og börnin okkar fara þangað í eina heimsókn yfir veturinn og þá í skólann og frístundina.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinnan er aðeins að breytast aftur eftir Covid, foreldrar staldra lengur við í fataklefanum og í garðinum en það er áhugavert að sjá að það eru fáir foreldrar sem koma inn á deild til að koma með eða sækja barn sitt. Það stoppa flestir í dyragættinni. Það er eitt af því sem við viljum breyta.

Þá tókum við alfarið upp Karellen í haust og samskiptin hafa mikið færst þangað, í skilaboðin. En auðvitað eru þessi daglegu samskipti enn til staðar og þau eru eins misjöfn og við erum mörg.

Okkur hefur ekki tekist að virkja foreldrafélagið eins vel og hér á árum áður, það er samt sem áður komið í vinnslu og eitt af því sem stendur til bóta í haust.

Hér voru foreldraviðtöl frá febrúar og fram í apríl.



Við vorum ekki með stóran foreldrafund enda erfitt að finna stað fyrir svona stóran foreldrahóp og hafa stjórnendur rætt hvernig við getum hagað þeim, hvort rafrænn fundur sé betri lausn eða yngri – eldri gangur, regluleg fréttabréf eða aðrar leiðir.

Mánagarður er með heimasíðu og instagram síðu þar sem við deilum myndum frá starfinu og fróðleik um HighScope stefnuna.

Við eigum í mjög góðum samskiptum við foreldra og eftir foreldraviðtölin kom í ljós að það er almenn ánægja meðal foreldra með starfið, starfsfólkið og stjórnun leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fyrsti skipulagsdagurinn fór í 2ja klst Karellen námskeið fyrir allt starfsfólkið og svo deildarfundi og starf inni á deildum.

Næsti starfsdagur fór í HighScope nýliðanámskeið frá kl. 9:00 – 12:30 þar sem allt nýja starfsfólkið fékk High Scope fræðslu hjá Írisi aðstoðarleikskólastjóra og þróunarstjóra HighScope. Eldra starfsfólkið sat fund með Soffíu leikskólastjóra þar sem rædd voru hin ýmsu mál. Síðan var starfsmannafundur með öllu starfsfólki og deildarvinna eftir það.

Þriðji starfsdagurinn var HighScope námskeið um Skilaboðaskjóðuna og stafahlekkina fyrir hádeggi, svo starfsmannafundur og deildarvinna.

Fjórdi starfsdagurinn var ADHD námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans.

Fimmti starfsdagurinn var skipulags- og deildarvinna

Sjötti starfsdagurinn var svo um útiveru og í kjölfarið var útiskúrin tekinn í gegn, dótið flokkað, öllu raðað og allt merkt og metið hvaða efnivið okkar vantar eða langar í.

Starfsdagar komandi skólaárs verða meðal annars tileinkaðir HighScope og Lubba.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Mánagarðs

Íris Dögg Jóhannesdóttir, Reykjavík, 27.06.2023

Aðstoðarleikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024

Mánagarður

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elísa Hildur Þórðardóttir

Svanhildur Lilja R.Svansdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Mánagarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2023-2024 til umsagnar og samþykkjum við hana. Í áætlun þessari kemur fram góð greinargerð um hvernig síðasta leikskólaár var og hvaða úrbætur þau sjá fyrir sér á leikskólastarfinu.

Í starfsáætlun er hægt að lesa sig til um innra og ytra mat leikskólans, innra mat hvorrar deildar fyrir sig, innra mat sérkennslunnar og hvernig unnið er með fjölbýngdum börnum. Einnig er

farið yfir þá fræðslu og námskeið sem starfsfólki leikskólans hefur staðið til boða og sótt, hvernig samstarfi leikskóla og grunnskóla er háttað og samskipti leikskóla og foreldra.

Á Mánagarði er rík áhersla lögð á að Highscope stefnunni sé framfylgt á öllum sviðum leikskólastarfsins, það er til dæmis gert með því að nýtt starfsfólk fái námskeið í stefnunni og eldra starfsfólk geti nálgast fræðslufni Highscope stefnunnar á Workplace. PQA mat var gert á öllum deildum og á sérkennslunni og í kjölfarið umbótaáætlun fyrir hverja deild fyrir sig. PQA matið í ár snéri helst að útiverunni, þ.e. efnivið útisvæðisins, uppsetningu og frágang á dótinu í garðinum og nærumhverfinu. Það er gott að vita til þess að mat hafi farið fram á garðinum þar sem nú er komin aðeins meiri reynsla á nýja garðinn.

Það var gaman að sjá að Mánagarður kom vel út úr HR Monitor könnuninni þar sem það virðist ríkja mikil ánægja á meðal starfsfólks leikskólans, enda ekki annað hægt að sjá en að það sé góður starfsandi á leikskólanum og að börnunum líði vel í þeirra höndum.

Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á árinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Mánagarðs,
Elísa Hildur Þórðardóttir





Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F Starfsdagur	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M sumarfrí
2 M	2 L Starfsdagur	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ sumarfrí
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M sumarfrí
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F sumarfrí
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F sumarfrí
6 S	6 M	6 F Starfsdagur	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L sumarfrí
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S sumarfrí
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M sumarfrí
9 M	9 L afmæli skólans	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L Starfsdagur	9 Þ	9 F Uppsýningardagur	9 S	9 Þ sumarfrí
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M sumarfrí
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F sumarfrí
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F sumarfrí
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L Jólagleði	13 Þ	13 M Sprengidagur	13 L	13 M	13 F Sumarhátið	13 L sumarfrí
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 S	14 Þ	14 F	14 S sumarfrí
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M sumarfrí
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F Starfsdagur	16 S	16 Þ sumarfrí
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 M	17 F Starfsdagur	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M sumarfrí
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F sumarfrí
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Þorablót	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F sumarfrí
20 S	20 M	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L sumarfrí
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S sumarfrí
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M sumarfrí
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ sumarfrí
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 M sumarfrí
25 F	25 M	25 M	25 L Starfsdagur	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F sumarfrí
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)	26 F sumarfrí
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M Fri	27 L Starfsdagur	27 Þ	27 M Starfsdagur	27 L	27 M	27 F	27 L sumarfrí
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F Fri	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S sumarfrí
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F Starfsdagur	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M sumarfrí
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ sumarfrí
31 F		31 Þ		31 S Gamlaársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M sumarfrí